

ágúst

'20

NORÐURSLÓÐAÁÆTLUNIN

ÞÁTTAKA ÍSLANDS 2014-2020



Stjórnarráð Íslands
Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið



BYGGÐASTOFNUN

EFNISYFIRLIT

INNGANGUR	3
UM NORÐURSLÓÐAÁÆTLUNINA	4
FRAMKVÆMD NORÐURSLÓÐAÁÆTLUNARINNAR	6
ÞÁTTTAKA ÍSLANDS Í NORÐURSLÓÐAÁÆTLUNINI	9
MAT Á ÁRANGRI ÍSLANDS Í NORÐURSLÓÐAÁÆTLUNINI	13
KÖNNUN MEÐAL ÍSLENSKRA ÞÁTTTAKENDA OG DÆMI UM ÁRANGUR	14
NÆSTU SKREF	20
VIÐAUKAR	21

INNGANGUR



Þátttaka Íslands í Norðurslóðaáætluninni (NPA) er byggðaaðgerð sem á rætur sínar í þingsályktun um stefnu í byggðamálum fyrir árin 2002-2005. Þar var kveðið á um að stuðla markvisst að þátttöku stofnana og atvinnulífs á landsbyggðinni í alþjóðlegu samstarfi. Til að ná markmiðinu var lagt til að Ísland gerðist aðili að Norðurslóðaáætlun Evrópusambandsins. Það gekk eftir og hefur Ísland verið virkur þátttakandi síðan árið 2002.

Heildarframlag til NPA á yfirstandandi tímabili, 2014-2020, eru 56,5 milljónir evra, þar af er framlag Íslands 3 milljónir evra. Af 58 verkefnum sem styrkt hafa verið á tímabilinu tekur Ísland þátt í 31 verkefni og eru þau langflest staðsett á landsbyggðinni.

Undirbúningur fyrir tímabilið 2021-2027 er hafinn og tilgangur með þessari greinargerð er meðal annars að leggja mat á árangur af þátttöku Íslands, enda liggur fyrir að taka ákvörðun þar að lútandi. Matið byggir meðal annars á könnun meðal íslenskra þátttakandi í NPA verkefnum í apríl 2020, tölfraeðilegum gögnum og áfanga- og lokaskýrslum verkefna.

Greinargerðin skiptist í fjóra kafla. Í fyrsta kafla er að finna grunnupplýsingar um Norðurslóðaáætlunina. Í öðrum kafla er framkvæmd áætlunarinnar lýst. Í þriðja kafla er sjónum beint að þátttöku Íslands á yfirstandandi tímabili og í fjórða kafla er leitast við að leggja mat á árangri Íslands í þátttökunni. Í viðaukum er að finna ítarlegri upplýsingar um verkefni sem Ísland tekur þátt í.

UM NORÐURSLÓÐAÁÆTLUNINA

Norðurslóðaáætlunin (Northern Periphery and the Arctic Programme, skammstafað NPA) er ein af fimmtán áætlunum Interreg samstarfsins. Áætlanirnar eru allar hluti af uppbyggingarstefnu Evrópusambandsins og hafa það að markmiði að auka sjálfbæran hagvöxt, svo sem með auknum samskiptum og samstarfi einstakra svæða. Interreg áætlanirnar eru að stærstum hluta fjármagnaðar af evrópska byggðapróunarsjóðnum (ERDF) og er þeim ætlað að styðja við samstarfsverkefni sem stuðla að jákvæðri atvinnu- og byggðapróun.

Norðurslóðaáætlunin er eina Interreg áætlunin sem Ísland tekur þátt í. Til samanburðar taka Norðmenn þátt í níu áætlunum. Allar áætlanirnar eru opnar EFTA-ríkjum, enda greiða þau kostnað sem fylgir þátttöku. Öll þátttökulönd koma að stjórn viðkomandi áætlunar og hafa áhrif á úthlutun styrkja. Þá taka fulltrúar landanna virkan þátt í stefnumótun og útfærslu áætlunarinnar sem síðan er staðfest af Evrópusambandinu.

NPA nær yfir landfræðilega stórt svæði sem samanstendur af Færeyjum, Grænlandi, Íslandi og Norður-Írlandi, ásamt dreifbýlishéruðum Finnlands, Noregs, Svíþjóðar, Írlands og Skotlands. Auk þess geta Kanada og norðvesturhluti Rússlands tekið þátt í verkefnum.

NPA löndin hafa ákveðin sameiginleg einkenni sem felast meðal annars í að þau eru fámenn og strjálbýljaðarsvæði sem búa yfir miklum náttúruauðlindum, óblíðu veðurfari, miklum vegalengdum, einhæfu atvinnulífi, háu menntunarstigi og atgervisflótta frá dreifbýlum svæðum.


Víða er skekkt aldurs- og kynjasamsetning og áhrif loftslagsbreytinga eru mikil.

Hugmyndafræðin að baki samstarfi landanna er að með því að flytja fyrirmyndir, þekkingu og tækni frá einu svæði til annars þá bæti þau það upp sem á vantar í heimalandinu. Markmiðið er að stuðla að nýsköpun í atvinnulífi og eflingu búsetuþátta og mannauðs og er þannig í anda EES-samningsins um að draga úr efnahags- og félagslegu mismæmi á milli svæða. NPA er ætlað að takast á við sameiginleg tækifæri og áskoranir og stuðla þannig að því að svæðið verði eftirsóknarvert til búsetu, atvinnureksturs og ferðalaga.


Á yfirstandandi tímabili, 2014-2020, er unnið eftir fjórum megináherslum og þurfa verkefni að falla undir einhverja þeirra.

Áherslurnar eru:

1. Nýsköpunarverkefni sem stuðla að yfirfærslu nýrrar tækni og þekkingar og aukinni nýsköpun í opinberri þjónustu.
2. Frumkvöðlaverkefni sem efla stoðkerfi lítilla og meðalstórra fyrirtækja og stækkun markaða.
3. Verkefni sem stuðla að orkunýtni og aukinni notkun á endurnýjanlegum orkugjöfum.
4. Verkefni sem stuðla að verndun náttúru og menningu og hagkvæmri nýtingu auðlinda og m.a. með aukinni fræðslu og þátttöku íbúa.



FRAMKVÆMD NORÐURSLÓÐAÁÆTLUNARINNAR



Mynd 1. Fjöldi verkefna eftir áherslusviðum

NPA er samkeppnissjóður sem rekinn er á svipuðum forsendum og rannsóknáætlanir innan EES-samningsins, þar sem keppt er á grundvelli umsókna um það fjármagn sem til ráðstöfunar er. Heildarfjármagn áætlunarinnar á tímabilinu 2014-2020 er 56,5 milljónir evra og kemur fjármagnið að stærstum hluta úr byggðapróunarsjóði Evrópusambandsins. Framlag Íslands er 3 milljónir evra og rennur það fjármagn til íslenskra þátttakenda.¹ Til samanburðar þá er framlag Noregs rúmar 5,2 milljónir evra, framlag Færeyja er um 800 þúsund evrur og framlag Grænlands 1 milljón evra.

Auglýst er eftir umsóknum einu sinni til tvisvar á ári, en alls hafa verið sjö umsóknarköll á yfirstandandi tímabili. Samtals hafa borist 150 umsóknir og 58 verkefni verið styrkt, þar af hafa Íslendingar verið þátttakendur í 82 umsóknum og 31 verkefni sem hefur fengið styrk. Verkefnin sem NPA styrkir dreifast nokkuð jafnt á milli áherslusviðanna fjögurra, eins og mynd 1 sýnir. Bláa súlan sýnir fjölda NPA verkefna og græna súlan sýnir fjölda verkefna með íslenskum þátttakendum.


¹Miðað við gengi 1. mars 2020 er heildarframlag NPA um 7,9 milljarðar króna á tímabilinu 2014-2020, þar af er framlag

Íslands 420 milljónir.

Í töflu 1 eru upplýsingar um fjölda umsókna og samþykktar verkefna, brotið niður á umsóknaköllin sjö. Þar er jafnframt að finna upplýsingar um fjölda umsókna og styrkja með íslenskum þátttakendum. Árangurshlutfall Íslands er jafnt heildarmeðaltalinu, eða 39%.

Dreifing þátttakenda eftir löndum er nokkuð góð, eins og sjá má á mynd 2. Alls eru þátttakendurnir 390 í 58 verkefnum. Myndin sýnir jafnframt dreifingu verkefnisstjóra (lead partners), en flestum verkefnum er stýrt frá Finnlandi og Írlandi, eða 14 verkefnum í hvoru landi. Skotar stýra 11 verkefnum, Norður Írar stýra átta, Norðmenn fimm og Svíar og Íslendingar stýra þremur hvor. Hlutverk verkefnisstjórans er krefjandi, því fylgir aukið álag og meiri tími og fjármagn fer í að annast umsýslu verkefnisins. Samkvæmt reglum NPA geta Færeyjar og Grænland ekki farið með verkefnisstjórn.

Hámarksstærð verkefna er 2 milljónir evra. Skilyrði er að þátttakendur séu frá a.m.k. þremur löndum og þar af verður



Mynd 2. Fjöldi þátttakenda og verkefnisstjóra eftir löndum

Tafla 1. Heildarfjöldi umsókna - samþykktar umsóknir

Úthlutanir	Heildarfjöldi umsókna			Með íslenskum þátttakendum		
	Heildarfjöldi umsókna	Samþykktar umsóknir	Árangur	Heildarfjöldi umsókna	Samþykktar umsóknir	Árangur
Janúar 2015	20	14	70%	15	9	60%
Mái 2015	14	6	43%	7	2	29%
Febrúar 2016	12	5	42%	5	3	60%
Mars 2017	37	10	27%	23	6	26%
Júní 2018	29	9	31%	17	5	29%
Mars 2019	25	6	24%	9	3	33%
Desember 2019	13	8	60%	6	4	66%
Samtals	150	58	39%	82	32	39%

einn að vera frá Evrópusambandslandi. Verkefnistími er allt að þremur árum. Ávallt er gerð krafa um mótframlag þátttakenda og er krafan mishá eftir löndum. Hæst er hún í Noregi eða 50%, Íslendingar gera kröfu um 40% mótframlag og ESB-löndin, Færeyjar og Grænland gera kröfu um 35% mótframlag.

Auk aðalverkefna er boðið upp á þrjá aðra verkefnaflokka. Forverkefnum er ætlað að auðvelda þátttakendum að þróa verkefnahugmyndina, leita réttar samstarfsaðila og skrifa umsókn í aðalverkefni. Hámarksstærð verkefna er 45 þúsund evrur. Överkefnum er ætlað að styðja við framtak ungs fólks, kvenna og frumbyggja til að taka þátt í alþjóðlegum samstarfsverkefnum. Þátttaka í överkefnum er góð leið til að auka þekkingu og byggja upp færni til þátttöku í aðalverkefnum. Hámarksstærð verkefna er 65 þúsund evrur. Klasaverkefnum er ætlað að stuðla að auknu flæði þekkingar og betri nýtingu fjármagns og sjálfbærni verkefni þvert á Interreg áætlanir sem ná að hluta til yfir sama starfssvæði og Norðurslóðaáætlunin s.s. Botnia-Atlantica, Nord og Kolarctic CBC. Hámarksstærð verkefna er 45 þúsund evrur.

Yfirumsjón með Norðurslóðaáætluninni er í höndum Monitoring Committee (MC) og eru allar ákvarðanir teknar samhljóma. Hlutverk MC er að tryggja gæði og skilvirka framkvæmd áætlunarinnar og sinna eftirliti. MC ber ábyrgð

á mati og vali á verkefnum. Hvert þátttökuland á tvo fulltrúa í nefndinni, einn svæðafulltrúa (regional representative) og einn frá ráðuneyti (national representative). Þá eiga NORA, frumbyggjar í heimskautaráðinu, Rússland og Kanada áheyrnafulltrúa, auk fulltrúa frá framkvæmdastjórn ESB sem hefur ráðgefandi hlutverk.

Ábyrgð á fjármálum, starfsmannamálum og samskiptum við framkvæmdastjórn ESB er hjá Monitoring Group (MG) sem í skipuð er fulltrúum ráðuneyta sem jafnframt eiga sæti í MC. Með daglega stjórnun fer Joint Secretariat (JS) sem er fjögurra manna skrifstofa með aðsetur í Norður-Atlantshafshúsinu í Kaupmannahöfn. Skrifstofan er í miklum samskiptum við umsækjendur og vinnur náið með svæðafulltrúunum. Fjármálaumsýsla (Managing Authority, MA) samanstendur af 2,5 stöðugildum og hefur aðsetur hjá sýslunefnd Västerbotten í Umeå. Um 12% af fjármagni NPA fer í umsýslu, sem m.a. er nýtt til að fjármagna starfsemi MA, JS og landsskrifstofa (RCP).

Hvert land sér um endurskoðun reikninga sinna þátttakenda. Á Íslandi sinnir Byggðastofnun fyrsta stigs eftirliti (first level/national control) og Ríkisendurskoðun sinnir annars stigs eftirliti (second level control). Í hverju þátttökulandi er landsskrifstofur og sinnir Byggðastofnun því hlutverki sem felst m.a. í að halda utan allt sem snýr að

Íslenskum þátttakendum, finna samstarfsaðila, miðla upplýsingum, mynda tengslanet milli innlendra þátttakenda, samstarf við svæðafulltrúa annarra landa og skrifstofunnar í Kaupmannahöfn og Umeå. Á Íslandi heyrir áætlunin undir samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið.

Allar umsóknir eru metnar af ráðgjafanefndum (Regional Advisory Group, RAG) sem eru starfandi í öllum níu þáttökulöndunum og koma þannig um 100 manns að mati allra umsókna. Í íslensku ráðgjafanefndinni eru einstaklingar sem hafa sértæka þekkingu á áherslusviðum áætlunarinnar. Svæðisfulltrúinn er formaður ráðgjafarnefndarinnar. Mat hópanna er svo lagt fyrir MC sem tekur endanlega ákvörðun um úthlutun.

Við mat á umsóknum er lögð áhersla á að verkefni skili af sér afurð (vöru og/eða þjónustu) sem er til þess fallin að bæta atvinnulíf, búsetu og/eða öryggi íbúa. Verkefnin verða að hafa nýsköpunarvinkil, vera markviss, raunhæf og stuðla að yfirfærslu þekkingar, tækni og/eða stækkun markaða.



Mynd 3. Dæmi um viðfangsefni íslenskra þátttakenda í NPA verkefnum



Mynd 4. Þátttakendur og samstarfsaðilar í NPA verkefnum á Íslandi

ÞÁTTTAKA ÍSLANDS Í NORÐURSLÓÐAÁÆTLUNINI

Þátttaka Íslands í Norðurslóðaáætluninni er byggðaaðgerð og er mikil samvirkni á milli NPA verkefna og aðgerða byggðaaætlunar. Sem dæmi úr núgildandi byggðaaætlun má nefna fjarheilbrigðisþjónustu, jöfnun orkukostnaðar, uppbyggingu innviða fyrir endurnýjanlega orku, nýsköpun í matvælaíðnaði, stafrænt forskot á landsbyggðinni, nýting menningarminja, varmadæling á köldum svæðum, náttúruvernd og efling byggða, fagmennska á sviði innviða á náttúruverndarsvæðum og rannsóknir og vísindastarfsemi. Meginmarkmið með þátttöku Íslands í NPA áætluninni er

að efla atvinnu- og efnahagslíf svæða og byggða og auka þátttöku stofnana og fyrirtækja á landsbyggðinni í alþjóðlegum samstarfsverkefnum.



Orðaskýið á blaðsíðu 8 sýnir nokkur dæmi um viðfangsefni NPA verkefna sem Íslendingar eru þátttakendur í og eru þau í samræmi við áherslur í byggðaaætlunum (mynd 3).

Hæsti mögulegi styrkur til aðalverkefna er 1,3 milljónir evra. Ísland, ein þjóða, fer þá leið að hafa hámark á styrk til einstakra verkefna. Þannig getur styrkur til íslenskra þátttakenda ekki numið hærri upphæð en 150 þúsund evrur². Gerð er krafa um 40% mótframlag frá íslenskum þátttakendum.

Af 150 umsóknum um aðalverkefni eru 82 með íslenski þátttöku. Samtals hafa 58 verkefni verið styrkt, þar af 32 verkefni með íslenski þátttöku. Einn íslenskur þátttakandi hætti við þátttöku og miðar samantektin við þátttöku íslenskra aðila í 31 verkefni. Verkefnistími er að meðaltali 36

mánuðir. Þegar þetta er ritað er 13 verkefnum með íslenski þátttöku lokið, sex verkefni klárast á næstu mánuðum, en eitt til tvö ár eru eftir af verkefnistíma 12 verkefna.

Heildarkostnaður verkefnanna sem Ísland tekur þátt í nemur rúmum 46 milljónum evra eða um 6,5 milljörðum íslenskra króna m.v. gengi 1. mars 2020. Íslenskir þátttakendur eru eingöngu styrktir með framlagi íslenskra stjórnvalda, þó með þeirri undantekningu að stjórn NPA ákvað á fundi í desember 2019 að styrkja íslenska aðila til þátttöku í tveimur

verkefnum um tæplega 262 þúsund evrur. Sú ákvörðun kom þannig til að eftir sjötta og næst síðasta umsóknarkallið þar sem eingöngu 34 þúsund evrur eftir til ráðstöfunar fyrir íslenska þátttakendur ákvað stjórn NPA að nýta ERDF20%³ sjóðinn til fjármagna þátttöku íslenskra aðila í tveimur verkefnum um 261.642 evrur. Íslenskir þátttakendur hafa fengið ríflega 2,9 milljónir evra í styrki (tafla 2, fjármagn í evrum).

²Á árunum 2014-2017 var hámarksstyrkur til íslenskra aðila 120.000 evrur en þegar viðbótarfjármagn fékkst frá íslenskum stjórnvöldum í lok árs 2017 var hámarksstyrkur hækkaður í 150.000 evrur.

³Aðildarlönd ESB í NPA setja til hliðar um 9,5 milljónir evra úr evrópskra uppbyggingasjóðnum ERDF sem ætlað er til að styrkja þátttakendur frá Færeyjum, Grænlandi og einnig er hægt að nýta sjóðinn til að fjármagna þátttöku aðila frá Rússlandi og Kanada. Í undantekningartilvikum hefur sjóðurinn verið nýttur til að fjármagna þátttöku íslenskra þátttakenda eins og nú var gert.

Tafla 2. Fjárhagslegt umfang verkefna með íslenskum þátttakendum

Styrkur NPA til verkefna	28.452.779	Þar af styrkur frá íslenskum stjórnvöldum	2.670.283
Mótframlag þátttakenda	17.841.023	Þar af mótframlag frá íslenskum þátttakendum	2.011.069
		ERDF 20%	261.642
Heildarkostnaður verkefna	46.293.802	Þar af heildarkostnaður Íslands	4.942.994

Styrkur til íslenskra þátttakenda er að meðaltali um 10% af heildarstyrknum til verkefnisins sem þeir taka þátt í. Það er því ljóst að íslenskir þátttakendur hafa verið útsjónarsamir og farið vel með það fjármagn sem þeir hafa fengið til ráðstöfunar. Þrátt fyrir takmarkað fjármagn eru þrjú verkefni leidd af íslenskum aðilum, þ.e. Northern Cereal verkefnið sem var leitt af Matís, Smarti Fish leitt af Háskóla Íslands og COAST er leitt af Landbúnaðarháskóla Íslands.

Meðal íslenskra þátttakenda í Norðurslóðaverkefnum eru lykilstofnanir í stoðkerfi atvinnulífsins s.s. atvinnuþróunarfélög, landshlutasamtök, Matís, Landbúnaðarháskólinn, Hafrannsóknarstofnun, Háskólinn á Bifröst og Rannsóknarmiðstöð ferðamála auk sérhæfðra stofnana eins og Minjastofnun Íslands, Umhverfisstofnun, Veðurstofa Íslands, Landhelgisgæslan og Sjúkrahúsið á Akureyri sem og sveitarfélög og fyrirtæki (mynd 4).


Alls hafa 40 aðilar tekið beinan þátt í því að hanna verkefni, skrifa umsókn og afla mótframlags. Vel hefur tekist að virkja starfsfólk hjá sveitarfélögum og landshlutasamtökum, sem eru 33% þátttakenda. Svipað hlutfall, eða 32%, starfa hjá háskóla og- rannsóknarstofnunum og um 20% þátttakenda starfa hjá einkafyrirtækjum (mynd 5). Ekki eru taldir þeir fjölmörgu aðilar hjá opinberum stofnunum sem og einkafyrirtækjum sem hafa komið að vinnu við framkvæmd eftir að verkefnin hófust.

Á mynd 6 á næstu síðu má sjá hvernig styrkir til íslenskra þátttakenda skiptast hlutfallslega á milli áherslusviða. Helmingurinn af styrkjum til íslenskra aðila hefur runnið til


verkefna á sviði nýsköpunar og frumkvöðlastarfsemi, 32% til verkefna á sviði verndar náttúru og menningarminja og sjálfbærrar umhverfisstjórnunar og 18% til orkuverkefna.

Langflestum verkefnum er stýrt af stofnunum á landsbyggðinni, eða 72%. Í þeim verkefnum sem stýrt er af stofnunum með starfstöðvar á höfuðborgarsvæðinu eru samstarfsaðilar oftast staðsettir á landsbyggðinni. Um 28% verkefna er stýrt af einstaklingum sem starfa á höfuðborgarsvæðinu, 23% starfa á Vesturlandi, 16% á Norðurlandi eystra og 12% annars vegar á Austurlandi og hins vegar á Suðurlandi (mynd 7).


Í töflu 3 er listi yfir samstarfsverkefnin sem Ísland tekur þátt í, stutt verkefnis lýsing og heildarkostnaður verkefna. Tölurnar í næst aftasta dálkinum er styrkfjárhæð og mótframlag allra þátttakenda og tölurnar í aftasta dálkinum er hlutur Íslands, sem er að meðaltali 10,6% af heildarkostnaði, þ.e. styrkur og mótframlag í evrum.



Mynd 5. Hlutfallsleg skipting þátttakenda eftir því hvar þeir starfa



Mynd 6. Hlutfallsleg skipting styrkja eftir áherslusviðum



Mynd 7. Hlutfallsleg skipting eftir staðsetningu verkefnisstjóra

Tafla 3. Samstarfsverkefni Íslands í Norðurslóðaáætluninni

Íslenskir þátttakendur	Verkefni (sk.st.)	Verkefnislýsing	Samstarfslönd Íslands	Heildarkostnaður allra þátttakenda	Heildarkostnaður Íslands
Háskóli Íslands, Menja	Smart Fish	Þróun og hagnýting snjallstrikamiða sem tryggja rekjanleika matvæla frá framleiðanda til neytenda	Norður-Írland og Finnland	1.124.601	200.000
Mátis, Landbúnaðarháskóli Íslands	CEREAL	Auka verðmæti kornafurða, stuðla að framleiðslu nýrra afurða og kornræktar á nýjum norðlægum svæðum	Skotland, Færeyjar og Kanada	866.417	191.666
Hafrannsóknarstofnun Mátis, Þórhólmur	URCHIN	Þróun nýrra aðferða við veiðar og nýtingu ígulkeru og kortleggja veiðisvæði	Noregur og Skotland	874.080	199.166
Háskóli Íslands	SW-Grow	Efla nýsköpun í vinnslu og ræktun þangs, þróa nýjar lausnir sem lítil fyrirtæki eiga auðvelt með að taka upp	Skotland, Írland, Svíþjóð, Færeyjar og Grænland	1.839.340	168.800
Íslenski Sjávarklasinn	DisruptAqua	Þróa líkan sem tryggir að öll virðisdeilda sjávarafurða verði rekjanleg frá framleiðanda til neytenda	Skotland og Noregur	155.004	50.000
Borgarbyggð, Bifrost	IMPROVE	Efla rafræna þjónustu í skipulags- og umhverfismálum með gagnvirkri íbúagátt og auka íbúalýðræði	Norður-Írland, Svíþjóð, Finnland og Noregur	1.431.388	133.308
Sjúkrahúsið á Akureyri	Making it Work	Leita lausna á viðvarandi erfiðleikum sem felast í því að ráða og halda í heilbrigðisfólk á landsbyggðinni	Skotland, Svíþjóð, Kanada og Noregur	1.983.874	199.865
Fjarðarbyggð	PLACE-EE	Bæta lífsgæði eldri íbúa m.a. með að auka þekkingu í upplýsingatækni, einfalda þjónustuform og byggja upp sjálstraust við að nota rafræna heilbrigðisþjónustu	Norður-Írland, Írland og Svíþjóð	1.747.089	188.210
Meningarfélag Eyþings	Creative Momentum	Tengja fyrirtæki í skipandi greinum saman og skapa ný viðskiptatækifæri. Hvetja til þróunar á nýjum vörum og þjónustu með samstarfi og aukinni viðskiptafærni	Írland, Norður-Írland, Skotland og Finnland	1.949.628	83.333
Mátis	Craft Reach	Efla frumkvöðlastarfsemi meðal handverksfólks	Noregur, Færeyjar, Norður-Írland, Írland og Kanada	1.881.927	133.510
Nýsköpunarmiðstöð	GREBE	Þróunarverkefni, tengslamyndun og ráðgjafþjónusta fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki innan orkugeirans	Norður-Írland, Finnland og Noregur	1.775.673	87.688
Nýsköpunarmiðstöð Íslands	W-Power	Bæta ráðgjafþjónustu við kvenfrumkvöðla á fámennum svæðum þar sem atvinnulíf er einhæft og neikvæð byggðarþróun hefur verið viðvarandi	Finnland, Skotland, Írland og Svíþjóð	1.820.498	130.398
Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga, Norðurslóðanet	Biz-Mentor	Rafræn miðlun þekkingar frá reyndum aðilum sem reka eigin fyrirtæki til frumkvöðla og einstaklinga	Finnland, Norður-Írland og Írland	1.343.494	237.988
Rannsóknarsetur HÍ Hornafirði, Rannsóknarmiðstöð ferðamála	SAINT	Vinna markaðsgreiningu og þróa nýjar ferðavörur „hæglætis“ ævintýraferðir	Skotland, Norður-Írland, Svíþjóð, Írland, Finnland og Noregur	1.701.549	125.000
Samtök sveitarfélaga á Norðurlandi vestra	Digi2Market	Þróa stafrænan markaðs- og söluhugbúnað fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki, auka þekkingu á hagrænni nýtingu samfélagsmiðla	Finnland, Norður-Írland og Írland	1.762.811	156.368
Rannsóknarsetur HÍ Hornafirði	SCITOUR	Miðla fræðslu um áhrif hnattrænna loftslagsbreytinga á íslenska jökla og náttúru	Finnland, Skotland og Grænland	1.067.549	179.356
Háskóli Íslands, Snæfellsbær	H-CHP	Bæta orkunýtni á heimilum með gösnum lífræna úrgangsefna s.s. heimilissorp og pappír	Finnland, Skotland, Svíþjóð og Írland	1.993.257	213.420
Austurbrú	HANDIHEAT	Þróun verkfæra og lausna til að nýta staðbundnar en ónýttar orkuauðlindir fyrir íbúabyggð í dreifbýli sem hafa ekki aðgang að hagkvæmri hitaveitu	Finnland, Skotland, Norður-Írland og Írland	2.015.553	165.037
Varmalausnir, Orkusetur	SMARTrenew	Auka notkun á endurnýjanlegum orkugjöfum, bæta orkuöryggi og innleiða snjallan lausnir í orkunýtni	Norður-Írland, Írland, Finnland, Færeyjar og Noregur	1.644.350	261.300
NýOrka	HUGE	Þróun viðskiptamóðels um orkuskipti í samgöngum	Skotland, Írland, Norður-Írland, Færeyjar og	1.424.074	109.190
Varmalausnir, Seyðisfjarðarkaupstaður	SMARCTIC	Kynna nýjar heildstæðar tæknilausnir við orkustjórnun og aðferðir til að bæta loftgæði í opinberum byggingum	Finnland, Norður-Írland og Írland og Svíþjóð	1.404.190	222.184
Reykjanes jarðvangur	Drifting Apart	Efla uppbyggingu jarðvanga í tengslum við sjálfbæra ferðarþjónustu, rannsóknir og fræðslu um jarðfræði jarðvanga	Norður-Írland, Noregur, Skotland, Rússland og Kanada	1.660.998	99.655
Landbúnaðarháskólinn	Water-Pro	Nýta affallsvatn frá landbúnaði og draga úr mengun, aðlaga aðferðir til stýringar á afrennsli á strjálbýlum svæðum	Finnland, Svíþjóð, Norður-Írland, Írland, Skotland og Færeyjar	1.995.485	169.180
Háskóli Íslands	BUSK	Nýta skipulagsverkfærið PPGIS við ákvarðanatöku um landskipulag og nýtingu náttúruauðlinda	Finnland, Írland, Svíþjóð, Noregur, Færeyjar og Grænland	1.992.726	130.465
Landgræðsla ríkisins, Mosfellsbær, Skaftárhreppur	ASCENT	Þróa aðferðir til að draga úr skemmdum á fjölsóttum ferðamannastöðum.	Írland, Noregur, Norður-Írland og Finnland	1.659.253	250.051
Gunnarstofnun, Locatify	CINE	Sýndarveruleiki nýttur til að varpa ljósi á fortíð og framtíð. Verndun, miðlun og þróun náttúru- og menningararfs	Noregur, Skotland og Írland	1.999.709	157.975
Svæðisgarðurinn Snæfellsnesi, Ferðamálasamtök Snæfellsnes	SHAPE	Byggja upp sjálfbæra þróun menningarsvæða í samstarfi við sveitarfélög og ferðarþjónustuaðila	Skotland, Finnland, Noregur og Grænland	1.523.479	118.743
Minjastofnun Norðurlandi vestra	Adapt Northern Heritage	Þróun hugbúnaðar sem nýstir við mat á hættum og veikleikum minjasvæða. Aðlaga menningarmínjar að breytingum af völdum hnattrænna hlýnunar og náttúruhamförum	Skotland og Noregur	963.212	181.570
Háskóli Íslands, Veðurstofan, Landhelgisgæslan	APP4SEA	Þróun hugbúnaðar sem samþættar í rauntíma skipaferðir, veðurfar og hafstrauma. Lausnir nýttar til að hanna viðbragðsáætlanir ef olíumengun og önnur mengunaróhöpp verða á norðurhöfum	Finnland, Noregur og Skotland	1.539.064	200.000
Landbúnaðarháskóli Íslands, Háskólasetur Vestfjarða	COAST	Efla seiglu strandsamfélaga með áherslu á snjallan bláan vöxt sem byggir á sjálfbærri nýtingu og verndun hafsins og þeim tækifærum sem felast í bláa lífhagkerfinu	Finnland, Írland og Norður-Írland	999.757	186.942
Gunnarstofnun	STRATUS	Stafræn tækni nýtt til að auka upplifun og stjórna flæði gesta á menningar- og náttúrumínjastaði	Írland og Skotland	153.773	12.616



MAT Á ÁRANGRI ÍSLANDS Í NORÐURSLÓÐAÁÆTLUNINNI

Árlega er gerð ítarleg úttekt á framkvæmd NPA áætlunarinnar. Úttektirnar benda til þess að vel gangi að vinna að framtíðarsýn NPA, sem snýr að því að hjálpa til við að skapa lífandi, samkeppnishæf og sjálfbær samfélög. Tímabili NPA 2014-2020 er ekki lokið og því ekki unnt að leggja endanlegt mat á árangurinn. Þannig er til dæmis 18 verkefnum af 31 sem Ísland tekur þátt í enn ólokið. Hins vegar gefa áfanga- og lokaskýrslur einstakra verkefna vísbendingar um að árangurinn sé góður. Nánar er fjallað um árangurinn hér á eftir og tekin dæmi um verkefni sem hafa aukið þekkingu, bætt tengslanet og samkeppnishæfni fyrirtækja og samfélaga.

Ef horft er til fyrri tímabila þá kom út árið 2006 skýrslan [Mat á þátttöku Íslands í Norðurslóðaáætlun ESB](#).⁴ Þar kemur fram að árangur Íslendinga hafi verið ótvíræður og almennt talið að það hafi verið farsæl ákvörðun íslenskra stjórnvalda að taka þátt í fjölþjóðsamvinnu af þessum toga. Í skýrslunni kom jafnframt fram að samfélagið hafi notið góðs af áætluninni þar sem yfirfærsla tækniþekkingar hafi verið umtalsverð, auk þess sem landsbyggðinni gafst tækifæri til að taka þátt í alþjóðlegum verkefnum. Verkefnin höfðu mikið gildi fyrir þátttakendurna sjálfa m.a. með aukinni tækniþekkingu, myndun persónulegra tengslaneta innanlands sem utan auk þess sem samstarf fyrirtækja og stofnana stuðlar frekar að lausn vandamála á strjálbýlum svæðum.

Í skýrslunni [Achievements](#)⁵ (2014) var lagt mat á heildarárangur áætlunarinnar fyrir síðasta tímabil, 2007-2013. Þar kom meðal annars fram að krafa um að verkefni skili áþreifanlegri vöru eða þjónustu hafi skilað góðum árangri. Af 47 verkefnum var 27 lokið þegar úttektin var gerð. Afraksturinn var 164 nýjar vörur og/eða þjónusta. Um 330 aðilar tóku þátt í verkefnum og dreifðist þátttaka nokkuð

jafnt á milli þátttökulandanna og áherslna áætlunarinnar. Einnig kom fram að mörg verkefnanna skiluðu verðmætum afurðum sem erfiðara er að mæla s.s. eins og aukið samstarf, myndun tengslaneta og viðhorfsbreytinga. Ísland var virkur þátttakandi á tímabilinu og tók þátt í 23 verkefnum af 47 aðalverkefnum auk forverkefna.

Eitt af markmiðum með þátttöku Íslands í Norðurslóðaáætluninni er að auka þátt sveitarfélaga, stofnana og fyrirtækja á landsbyggðinni í alþjóðlegu samstarfi. Ef horft er til þess fjölda sem tekur þátt í þeim 31 verkefni sem unnin eru á vegum NPA er ljóst að vel hefur tekist að virkja sveitarfélög, landshlutasamtök sveitarfélaga/atvinnuþróunarfélög, ríkisstofnanir og rannsóknarstofnanir til þátttöku. Eftirsóknarvert væri hins vegar að fjölga þátttakendum frá einkafyrirtækjum.

Fjöldi verkefna hér á landi, fjöldi þátttakenda, nýting fjármagns, efling tengslanets og afurðir verkefna eru þeir mælikvarðar sem líta má til þegar mat er lagt á árangur. Þeir mælikvarðar benda til þess að ávinningur Íslands sé verulegur og hafa íslenskir þátttakendur verið eftirsóttir samstarfsaðilar. Erfiðara er að meta þætti eins og hagvöxt, atvinnustig eða veltu fyrirtækja þar sem áhrif verkefna eru enn ekki komin fram og aðeins 13 verkefnum er lokið.

⁴https://www.stjornarradid.is/media/atvinnuvegaraduneyti-media/media/Acrobat/IMG_skyrsla_um_NPP_final_-_april_2006.pdf

⁵https://www.byggdastofnun.is/static/files/NPP/2007-13/npp_2007-2013_achievements_report.pdf

KÖNNUN MEÐAL ÍSLENSKRA ÞÁTTTAKENDA OG DÆMI UM ÁRANGUR

Til að leggja mat á árangur á þessum tímamarki, áður en flestum verkefnum er lokið, þá framkvæmdi Byggðastofnun könnun meðal íslensku þátttakandanna. Könnunin var gerð í apríl 2020 í þeim tilgangi að meta árangur og gildi Norðurlóðaáætlunarinnar fyrir Ísland og kanna viðhorf þátttakenda til áframhaldandi þátttöku Íslands á næsta áætlunartímabili, 2021-2027. Svörin var 70%.

Um 96% svarenda sögðu að verkefnið sem þeir taka/tóku þátt í miðli þekkingu á milli einstaklinga, fyrirtækja og/eða svæða og 64% sögðu jafnframt að verkefnið stuðli að nýsköpun og/eða frumkvöðlastarfsemi á landsbyggðinni. Þá sögðu 50% að verkefnið stuðli að betri umhverfisstjórnun og bæti búsetugæði.

Niðurstöðurnar benda til þess að öll verkefni skili áþreifanlegum afurðum vöru og/eða þjónustu. Hér fyrir neðan eru tilvitnanir í svör þátttakenda um hvaða afurðir verða til í NPA verkefnum sem þeir taka/tóku þátt í:



• Þjónusta sem tengir saman frumkvöðla og fólk í viðskiptalífinu.

• Stafræn markaðstæki fyrir frumkvöðla og atvinnulífið.

• Aðferðir til að draga úr tapi á næringarefnum í vatni á landbúnaðarjörðum.

• Líkan varðandi ráðningu heilbrigðisstarfsmanna í dreifbýli.

• Lifandi og stafræn kort sem nýtast við viðbrögð við mengunarslysum í norðurhöfum.

• Nettengdir skynjara til að öðlast yfirsýn yfir ólíka orku- og umhverfispætti.

• Nýjar tæknilausnir til orkunýtingar s.s. sjóvarmi, vindur, sólarorka og viðarofnar ásamt samstýringu við eldri kerfi.

• Leiðbeiningar til umsjónaraðila menningarminja við gerð áhættumats og áætlana til aðlögunar að loftlagsbreytingum.

• Aðferðir við ræktun korns á norðlægum slóðum.

• Matvörur úr korni og fódurvörur.

• Fagþekking í gerð göngustíga á fjölförnum ferðamannastöðum.

• Aukin þjónusta sérsniðin að ákveðnum hópi frumkvöðla s.s. konum og ungu fólk.

• Tæki til að meta nýtingu vetni á norðurlóðum og ný tækniþekking til að nýta vetni við mismunandi aðstæður s.s. köldu loftslagi.

• Stafræn miðlun á menningararfi.

• Ný þekking á að setja saman búnað til að framleiða rafmagn og heitt vatn með úrgangslífmassa s.s. timbur og pappír.

• Ný ígulkeramið og bætt nýting afurðanna.

• Stækkun markaða með auknum veiðum ígulkerana.

• Verkfærakista fyrir sveitarfélög til að styðja við framþróun strandsvæða.

• Snjallstrikamiðar til að setja á viðkvæma vöru og mæla aðstæður í flutningi.

• Þemaleiðir í ferðaþjónustu, ævintýraferðir, hæglætisferðir, strandleiðir.

Jafnframt leiddi könnunin í ljós að í rúmlega helming verkefnanna, eða 52%, verða til nýir markaðir fyrir vörur og þjónustu. Þar af verða til í 62% tilvika nýir markaðir innanlands og erlendis, í 23% tilvika aðeins innanlands og 15% verkefnanna var markaðurinn erlendis.

Í öllum verkefnum urðu til ný tengslanet og/eða klasasamstarf á milli svæða eða sveitarfélaga, stofnana, fyrirtækja og einstaklinga innanlands sem utan. Í 88% verkefna urðu til ný tengslanet og/eða klasar bæði innanlands og erlendis og í 12% þeirra varð einungis til nýtt tengslanet og/eða klasar við erlenda aðila. Erfitt er að mæla árangur tengslaneta og klasa. Verkefni hafa verulegt persónulegt gildi vegna myndun tengslaneta innanlands sem utan, auk þess sem samstarf stofnana og fyrirtækja stuðlar frekar að lausn áskorana á strjálbýlum svæðum.

URCHIN verkefnið er dæmi um afar farsælt klasasamstarf á milli rannsóknarstofnana, ráðuneytis og fyrirtækis á landsbyggðinni. Áherslusvið verkefnis var að auka nýsköpun og yfirfæra tækniþekkingu til lítilla og meðal stórra fyrirtækja á strjálbýlum svæðum. Verkefnið fjallaði í hnotskurn um þróun nýrra aðferða við veiðar og nýtingu ígulkerana. Hérlandis tóku Þórishólmi í Stykkishólmi, Hafrannsóknarstofnun og Matís þátt í verkefninu. Verkefnið hefur aukið þekkingu vísindamanna og sjómanna, bætt verðmætasköpun og fjölgað störfum við veiðar og vinnslu ígulkerana.

CEREAL verkefnið er einnig gott dæmi um árangursríkt klasastarf íslenskra og erlendra aðila. Verkefninu var stjórnað af Matís í samstarfi við Landbúnaðarháskóla Íslands, kornbændur á Norðurlandi, Austurlandi og Suðurland, matar- og drykkjarframleiðendur og frumkvöðla. Í verkefninu var lögð áhersla á að prófa ný yrki á norðlægum slóðum, þróa þurrkaðferðir og vinna nýjar afurðir úr korninu. Í Færeyjum hófst kornrækt aftur eftir margra ára hlé vegna nýs yrkis sem þróað og prófað var á Íslandi og í Noregi. Þá urðu til ný tengslanet á milli íslenskra frumkvöðla og vinnufélaga á Orkneyjum.





Þriðja dæmið um ný tengslanet og samstarf er í verkefninu **CINE** sem Gunnarstofnun á Skriðuklaustri og íslenskt tæknifyrirtæki tóku þátt í. Þar var hannaður sýndarveruleiki sem fer með notandann í ferðalag um Skriðuklaustur á miðöldum og í reiðtúr með munkunum er þeir riðu um langan veg yfir óbyggðir til að sækja vatn. Einnig var haldin námsstefna um leikjavæðingu náttúru- og menningararfs á Íslandi. Innlendir og erlendir sérfræðingar á sviði margmiðlunar, miðlun sýndarveruleika og miðlun menningararfs miðluðu reynslusinni og þekkingu. Námsstefnan var samstarfsverkefni 16 stofnana og fyrirtækja.





Fjórða dæmið er **SHAPE** verkefnið sem er samstarfsverkefni Íslands, Finnlands, Noregs, Skotlands, Grænlands og Kanada. Í verkefninu, sem Svæðisgarðurinn Snæfellsnes tók þátt í, er lögð áhersla á að byggja upp sjálfbæra þróun menningarsvæða í samstarfi við sveitarfélög og ferðaþjónustuaðila.

„Svæðisgarðurinn Snæfellsnes er eini svæðisgarðurinn á Snæfellsnesi og er með einn fastan starfsmann. Með því að tengjast öðrum svæðisgörðum á norðurlóðum og vinna með öðrum þátttakendum í verkefninu, eins og tveimur háskólum, lærðum við mikið af reynslu annarra. Eins er dýrmætt að spegla sig í öðrum sambærilegum svæðum og finna að aðrir gátu haft gagn af okkar reynslu. Innbyggt í verkefnið okkar voru lærdómsferðir milli svæða, sem reyndust vel.“ (Ragnhildur Sigurðardóttir, framkvæmdastjóri Svæðisgarðsins Snæfellsnes).

Allir þátttakendur sögðu að með því að taka þátt í NPA verkefnum hefði orðið til ný þekking innan stofnunarinnar og eða fyrirtækisins. Eftirfarandi tilvitnanir eru svör þátttakenda við spurningunni: Á hvern hátt nýtist þekkingin stofnuninni/ fyrirtækinu?

- Þekking á aðferðafræði til að fást við áhrif og álag vegna ferðamanna á fjölförnum ferðamannastöðum.
- Betri þekking á því hvernig eigi á ná til nýrra viðskiptavina og inn á nýja markaði með stafrænni tækni.
- Nýjar mæliaðferðir prófaðar sem munu nýtast í framtíðarvinnu varðandi afrennslismælingar.
- Þekking á útfærslu og val á orkusynjurum.
- Þekkingin nýtist beint við innleiðingu nýrra lausna.
- Þekking hefur aukist á áhrifum loftslagsbreytinga á náttúru- og menningarminjar.
- Þekking sem nýtist við gerð verndaráætlana.
- Verkefnið hefur aukið hæfni og getu stofnunarinnar til að sinna mikilvægum þætti í starfseminni.
- Til eflingar varðandi aðstoð við frumkvöðla og þekking á öðrum stöðstofnunum í öðrum ríkjum.
- Samstarf við aðra aðila varðandi sambærileg vandamál, lausnir sem nýtast víða sem hægt er að nýta sér hér líka.
- Hægt að nýta aðferðafræðina mun viðtækara en áður.
- Þekkingin nýtist í námsefni.
- Við ráðgjöf til fleiri fyrirtækja.
- Aukin og betri þjónusta við frumkvöðla.
- Þekkt ný nýtanleg ígulkeramið, þróaðar veiðiaðferðir, útflutningsleiðir meðferð afurða og stjórnun veiða.
- Betri yfirsýn yfir stöðu þekkingar alþjóðlega og möguleikar til framtíðar.
- Margar nýjar hugmyndir hafa skapast bæði hjá okkur og samstarfsfólki um hvernig er hægt að brúa kynslóðabilið, starf með eldri borgurum jókst mikið við þetta verkefni.





Þátttaka Minjastofnunar Íslands í **Adapt Northern Heritage (ADAPT)** hefur aukið mannauð stofnunarinnar og eftir varðveislur íslenskra menningarminja. Starfsmaður Minjastofnunar tók þátt í að stýra verkefninu ásamt aðilum frá systurstofnunum í Skotlandi og Noregi en einnig voru þátttakendur frá Írlandi, Noregi, Rússlandi og Svíþjóð. Markmið verkefnisins var að þróa aðferðir við mat á veikleikum og hættum sem kunna að steðja að menningarminjum og útbúa leiðbeiningar fyrir gerð viðbragðs- og verndaráætlana. Þróun og prófun á aðferðafræðinni fór fram á ellefu stöðum í samstarfslöndunum þar sem leitast var við að tengja saman hagsmunaaðila, áhugafólk og sérfræðinga til að deila þekkingu og standa sameiginlega vörð um menningararfinn.

„Þekking hefur aukist mikið á áhrifum loftslagbreytinga á menningarminjar og hvernig bregðast megi við þeim. Þá mun afurð verkefnisins, tengslanet og leiðbeiningar nýtast við áframhaldandi vinnu við verndun einstakra húsa og minjastaða og auk þess að verða hluti af vinnu við gerð verndaráætlana. Verkefnið hefur aukið hæfni og getu stofnunarinnar til að sinna mikilvægum þætti í starfsemi“ (Guðmundur St. Sigurðsson, minjavörður Norðurlands vestra og verkefnisstjóri strandminja)

Verkefnið **Digi2Market** er dæmi um hvernig nýrri þekkingu er miðlað til fyrirtækja og frumkvöðla. Samtök sveitarfélaga á Norðurlandi vestra taka þátt í verkefninu, þar sem unnið er að því að þróa nýstárlegar tæknilegar markaðslausnir fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki. Stafrænt umhverfi sem gerir notendum kleift að skoða hvernig vörur, ferlar eða þjónusta virkar í raunheiminum. Þessi tækni auðveldar samskipti við viðskiptavinum og gerir fyrirtækjum mögulegt að leyfa viðskiptavinum að upplifa sögu fyrirtækis, vöruna eða þjónustuna sem veitt er. Á vegum verkefnisins hafa meðal annars verið haldnar [vef-vinnustofur](#) sem 35 fyrirtæki tóku gangvirkan þátt í og var meginmarkmið að kynna tæknilegar lausnir við að auka sölu á netinu.

[Er vinnustaðurinn bara hugarástand?](#) ráðstefnan var einnig hluti af Digi2Market þar fókusinn var á störf án staðsetningar með beinni skírskotun í byggðaáætlun.

NPA verkefni eru afar fjölbreytt og sum nokkuð sérhæfð. Dæmi um slíkt verkefni er **WaterPro** sem Landbúnaðarháskóli Íslands tekur þátt í. Settur var upp margskonar mælibúnaður á Möðruvöllum í Hörgársveit þar á meðal var afrennisligröðingar, afrennislisbrunnur, sogbollar og hljóðbylgjunemar og gerðar flæðimælingar. Tilgangurinn er að prufukeyra aðferðir við að draga úr mengun af völdum næringarefna frá landbúnaði. Verkefnið hvílir á stöðum um góða búskaparhætti, að hver kynslóð skili landinu í jafn góðu eða betra ástandi en hún tók við því, sem og reglugerðum og lögum um varnir gegn mengun vatns af völdum köfnunarefnasambands frá landbúnaði og öðrum atvinnurekstri. Hingað til hefur vantað stefnu, tæki og lausnir til að takast á við þessi vandamál. Þátttakendur í verkefninu eru frá öllum samstarfslöndunum fyrir utan Grænland. Meðal [afurða](#) í WaterPro eru ítarlegar leiðbeiningar og aðferðir við val á hentugustu aðferðum og búnaði til að draga úr hættu á mengun, stýringu á afrennslu og vöktun á vatnsgæðum á strjálbýlum svæðum. Í íslenska hluta verkefnisins er meginmarkmið er að nýta affallsvatn frá landbúnaði en sameiginleg áskorun samstarfsþjóðanna er að draga úr mengun af völdum efna frá landbúnaði og námavinnslu.

Einnig er vert að vekja athygli á verkefninu **PLACE-EE** sem miðar að því að bæta lífsgæði eldri íbúa. Meðal þátttakenda eru starfsfólk félagsþjónustu Fjarðabyggðar, eldri íbúar og grunnskólanemar á svæðinu. Markmið verkefnisins er að þróa og koma í framkvæmd lausnum til að hvetja til netnotkunar eldri íbúa m.a. til að rjúfa félagslega einangrun, auka færni við að nýta rafræna þjónustu s.s. heilbrigðisþjónustu og auka samskipti ungs fólks og eldri borgara. Samtals taka 466 einstaklingar þátt í verkefninu þar af 85 frá Íslandi. Netnotkun eldri íbúa í Fjarðabyggð var könnuð fyrir og eftir þátttöku í verkefninu. Þegar verkefnið hófst sögðu 12% nota netið einu sinni í viku, 13% nokkrum sinnum í mánuði, 25% notuðu netið flesta daga en 50% höfðu aldrei notað netið. Verkefninu er ekki lokið en vísbendingar eru um sjálföruggi eldri íbúa og áhugi á að nota netið hafi aukist umtalsvert, m.a. voru þátttakendur farnir að versla á netinu, horfa á kvikmyndir, nota samfélagsmiðla og taka þátt í námskeiðum á netinu. Sama sagan var í öðrum löndum, eldra fólk varð áhugasamara og sjálföruggara við að nota upplýsingatæknina eftir þátttöku í verkefninu.

Að lokum má nefna hér verkefnið **HUGE** sem Íslensk NýOrka tekur þátt í en verkefnið hófst í lok árs 2019. Markmið verkefnisins er að styrkja orkuöryggi afskekkttra byggða með því að þróa verkfæri sem gera þessum samfélögum kleift að meta tækifæri í vetnistengdum og endurnýjanlegum orkugjöfum á Norðurlóðum. Íslensk Nýorka tekur þátt í að hanna viðskiptalíkön um vetnisnýtingu og útbreiðslu þekkingar á vetni og tengdri tækni til hagsmunaaðila.



Á mynd 8 má sjá hvernig þátttakendur töldu að verkefnið sem þeir taka/tóku þátt í hafi bætt samfélagið. Afgerandi meirihluti, eða 96% sögðu verkefnið miðla þekkingu á milli einstaklinga, fyrirtækja og/eða svæða, 80% sögðu verkefnið hafi stuðlað að nýsköpun og frumkvöðlastarfsemi og 54% segja að verkefnið hafi stuðlað að betri umhverfisstjórnun og sama hlutfall að það hafi bætt búsetugæði. Þátttakendur gátu valið einn eða fleiri möguleika.



Mynd 8. Samfélagslegt gildi NPA verkefnanna

Í könnuninni var einnig spurt hvort ný störf verði til vegna verkefnisins. Já, sögðu 31% og afraksturinn er alls 18 ný störf. Í 39% verkefna verða ekki til ný störf og í 30% verkefna er ekki vitað hvort ný störf verði til, af þeirri ástæðu að þeim er ólóklegt.

Um 83% svarenda sögðu að það hafi skipt mjög miklu máli fyrir stofnunina/fyrirtækið að fá stuðning frá NPA, 13% sögðu það hafi skipt frekar miklu máli en aðeins 4% sögðu að stuðningurinn hefði skipt litlu máli. Þá sögðu 70% það mjög ólíklegt að verkefnið hefði orðið að veruleika án stuðnings og samstarfs við NPA löndin, 22% sögðu það ólíklegt en aðeins 8% töldu það ekki ólíklegt.

Niðurstöðurnar benda eindregið til þess þátttaka Íslands í Norðurslóðaáætluninni hafi verið grundvallarforsenda þess að verkefnið urðu að veruleika hérlendis.

Könnun Byggðastofnunar leiðir í ljós með afgerandi hætti að allir íslensku þátttakendurnir í núverandi áætlun sögðu mikilvægt að Ísland verði áfram þátttakandi í Norðurslóðaáætluninni á næsta tímabili. Margir þátttakendur rökstuddu skoðun sína en megin skilaboðin eru:

Þátttaka í Norðurslóðaáætlun er mikilvæg vegna yfirfærslu þekkingar, fjölþjóðlegt og innlent tengslanet og klasasamstarf, hnitmiðuð og framsækin áætlun, samstarf á sveitarstjórnarstigi, eflir nýsköpun og frumkvöðlastarfsemi á Íslandi, auðgar samfélagið, atvinnulíf, mannlíf og menningu.

Hér á eftir eru nokkrar tilvitnanir í þátttakendur sem tóku þátt í spurningakönnuninni:

„Mjög mikilvæg áætlun sem gefur færi á fjármögnun verkefna sem erfitt væri að fjármagna hér innanlands og felur jafnframt í sér fjölþjóðlegt samstarf sem er yfirleitt afar gefandi og lærdómsríkt fyrir alla.“

„Norðurslóðaáætlunin hefur marga kosti. Í fyrsta lagi er þetta mjög opin áætlun sem gefur færi á umsóknum vegna fjölbreyttra verkefna og stundum býsna framsækinn verkefna. Í öðru lagi þá er fjölþjóðahugsun „innbyggð“ í NPA – slík hugsun er mikilvæg og bætist við gildi verkefna sem unnin

eru með öðrum þjóðum – menn þurfa að vinna saman og hugsa um heildina, ekki bara verkefnið í eigin landi. Í þriðja lagi gefur NPA færi á „meðalstórum“ verkefnum sem erfitt er að fjármagna á Íslandi – sjóðirnir hér gefa ýmist færi á litlum styrkjum eða mjög stórum styrkjum. Í fjórða lagi leyfir NPA meiri „blöndun“ á rannsóknum og nýsköpun en almennt er vaninn hér heima,



þar sem gjáin á milli rannsóknarverkefna og nýsköpunar-/þróunarverkefna er mjög raunveruleg þegar kemur að styrkumsóknum.“

„Þátttaka gefur stofnunum og fyrirtækjum tækifæri á að vinna með öðrum í svipaðri stöðu í öðrum löndum. Með því er hægt að deila reynslu og þekkingu og læra af öðrum í leiðinni, finna lausnir á sameiginlegum vandamálum.“

„Mjög mikilvægt að vinna að auknu samstarfi á Norðurslóðum og það yrði varla jafn öflugt ef slík áætlun væri ekki til staðar.“

„Þessi áætlun gefur smærri aðilum tækifæri til að mynda tengslanet og taka þátt í metnaðarfullum verkefnum. Með þátttöku getum við fengið aðgang að rannsóknaraðstöðu sem ekki er til á Íslandi, aðgang að fyrirtækjum og rannsakendum. Fyrir Ísland er þetta win, win, win...“

